

Lög

um breytingu á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Á 5. gr. laganna verða eftirgreindar breytingar:

1. Fjórði töluliður 1. mgr. orðast svo: Siglunes (grp. 3) 66°11'9 N–18°49'9 V.
2. Í stað orðanna „austur frá Hvítungum (vms. 19)“ í síðari málsgrein liðar C.5 kemur: suður frá Stokksnesi (vms. 20).
3. Á eftir orðinu „Geirfugladrangi“ í lið D.2 kemur: (63°40'7 N–23°17'1 V).
4. Í stað orðanna „réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34)“ í lið D.5 kemur: réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34).
5. Síðari málsgrein liðar D.6 fellur brott.
6. Liður E.1 orðast svo: Allt árið úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og utan línu í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N–24°12'00 V.
7. Í stað orðanna „réttvísandi frá Malarrífi“ í lið F.3 kemur: réttvísandi vestur frá Malarrífi.
8. Á undan orðunum „Allt árið“ í lið G. Vestfirðir kemur: G.1.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.

Samþykkt á Alþingi 15. desember 1997.